

málaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Egger-  
erts Claessen, 25 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlí 1916.

Nr. 10/1916.

Stjórnendur hlutafélagsins

»Herjólfur«

gegn

firmanu Copland & Berrie

(1908) Ltd.

D ó m u r :

Stjórnendur h./f. »Herjólfur« í Vestmannaeyjum höfðuðu mál þetta í héraði gegn firmanu Copland & Berrie (1908) Ltd., og var það eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur. Voru það kröfur hlutafélagsins að firmað yrði dæmt til að greiða sér eftirstöðvar af andvirði fyrir fisk, er félagið seldi firmanu sumarið 1912 og kostnað út af sölu fiskjarins samtals 1019 kr. 56 a. með 6% árs-  
vöxtum frá sáttakærudegi (þ. e. stefnudegi) til borg-  
unardags. Af hálfu firmans var hins vegar höfðuð  
gagnsök gegn hlutafélaginu til greiðslu á skaðabót-  
um fyrir vanefndir á kaupsamningi um fisk nefnt  
sumar, 6000 kr. að frádregnum 818 kr. 31 e., er  
firmað viðurkendi réttar eftirstöðvar af fiskverðinu.  
Með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 6. ág. f. á.,

lyktaði þessum málum svo, að firmað var í aðalsök-  
inni dæmt til að greiða hlutafélaginu 818 kr. 31 e.  
með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1914 til borgunardags,  
og að öðru leyti sýknað af kröfum félagsins,  
en í gagnsökinni var félagið skyldað til að greiða  
firmanu 2000 kr. með 6% ársvöxtum frá 17. júlí  
1914 til borgunardags, en að öðru leyti sýknað af  
kröfum firmans og málskostnaður í aðalsök og gagn-  
sök látinn falla niður.

Dómi þessum hefir af hálfu hlutafélagsins »Herj-  
ólfur« verið skotið til yfirdómsins með stefnu dags.  
21. febr. þ. á. og þær kröfur verið gerðar að dómn-  
um verði breytt þannig, að kröfur áfrýjanda fyrir  
undirréttinum um greiðslu á 1019 kr. 56 a. með  
vöxtum og um sýknun af skaðabótakröfu firmans  
verði teknar til greina. Svo krefjast þeir og máls-  
kostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af annari hálfu hefir firmað Copland & Berrie  
gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 13. marz þ. á.  
og krafist þess aðallega, að kröfum þess í gagnsök-  
inni fyrir gestaréttinum um 6000 kr. skaðabætur með  
vöxtum frá 17. júlí 1914 og málskostnað í aðalsök  
og gagnsök verði teknar til greina, en til vara, að  
gestaréttardómurinn verði staðfestur. Þá krefst firmað  
og málskostnaðar í aðalsök og gagnsök fyrir yfir-  
dómi eftir mati réttarins.

Málflutningsmaður stefndu (gagnáfrýjanda) lætur  
þess getið, að hann vænti þess, að Halldór Daniels-  
son yfirdómari víki dómarsæti í málinu sakir of  
náins skyldleika við umboðsmann »Herjólfs«, þann  
er annaðist sölu á fyrgreindum fiski fyrir félagið.

En til þess þykir eigi vera nein heimild, með því eigi verður séð af því, sem fram er komið í málinu, að úrslit þess komi við hagsmuni umboðsmannsins.

Kröfur aðila í aðalsök og gagnsök eru runnar af sömu rót, kaupsamningi (Slutseddel) um kaup á fiski, gerðum í Kaupmannahöfn 29. júní 1912 af umboðsmönnum aðila fyrir milligöngu brakúna Simmelhag & Holm. Er það efni samnings þessa, það er hér kemur til greina, að áfrýjendur (h/f. »Herjólfur«) selja stefndu (Copland & Berrie) allan þann stórfisk, sem áfrýjendur kynnu að fá (maatte faa) þá um sumarið frá 1. júlí til 30. sept., þó eigi minna en 800 skippund og eigi meir en 1500 skippund, skyldi fiskurinn vera til reiðu handa stefndu frá 1. júlí þegar þeir gengu eftir honum, og þeir skyldu ráða því hvort þeir tækju fiskinn allan í senn eða smám saman.

Samkvæmt þessum samningi létu áfrýjendur úti til stefndu alls 921½ skippund af fiski, 300 skipund í júlímánuði, 500 skippund í ágúst mánuði og 121½ skippund í september mánuði, og greiddu stefndu umsamið kaupverð fyrir fiskinn, alt nema 818 kr. 31 e., er áfrýjendur telja enn standa eftir í skuld hjá stefndu. Til að krefja stefndu um þessar eftirstöðvar hafa áfrýjendur borgað manni 100 kr. og út af þessari innheimtu hafa þeir ennfremur varið 101 kr. 25 a. til símskeyta, telja þeir að stefndu beri að endurgjalda þeim þennan kostnað og verður þannig krafa þeirra alls að upphæð 1019 kr. 56 a.

Stefndu hafa viðurkent það, að þeir hafi eigi greitt áfrýjendum meira af andvirði fiskjarins en

það, sem áfrýjendur telja, og samþykkt að eftirstöðv-  
arnar, 818 kr. 31 e., verði dregnar frá skaðabóta-  
kröfu þeirra í gagnsökinni á hendur áfrýjendum.  
Verður þá að taka kröfu áfrýjenda um þessa upp-  
hæð til greina og dæma stefndu til að greiða þeim  
hana með vöxtum frá 16. júlí 1914. En kröfu áfrýj-  
enda um endurgjald fyrir áður nefndan innheimtu-  
kostnað hafa stefndu mótmælt, og er eigi eftir mála-  
vöxtum næg rök til að fallast á hana. Verður því  
að sýkna stefndu af þeirri kröfu.

Hinir stefndu líta svo á, að áfrýjendur hafi van-  
haldið samninginn 29. júní 1912 og með því bakað  
þeim tjóni, halda þeir því fram, að þeir eftir samn-  
ingnum hafi átt rétt á að fá frá áfrýjendum 800  
skippund af fiski 1. júlí eða þegar eftir þann dag,  
en þegar skip þeirra, sem átti að taka fiskinn, kom  
til Vestmannaeyja snemma í júlímánuði og þess var  
krafist að áfrýjendur létu fram 800 skippund, hafi  
þeir að eins skilað 300 skippundum, en þá hafi þeir  
þó haft önnur 300 skippund í húsum sínum, er þeir  
hafi neitað að afhenda stefndu. Telja stefndu þetta  
beint samningsrof og hafa þeir miðað skaðabótakröfu  
sína við þessi 300 skippund, er þeir telja, að áfrýj-  
endur hafi haldið ranglega fyrir sér, og gert grein  
fyrir henni á þessa leið:

Hagnaðartap 5 kr. á skippundi . . .	kr. 1500.00
Flutningsgjaldstap 7 kr. á skippundi . . .	— 2100.00
Fyrir tafir skipsins við tilraunir til að fá fullfermi í 10 daga á 180 kr. . . .	— 1800.00
Ferð skipsins til Patreksfjarðar . . .	— 360.00
Fyrir símskeyti og annan kostnað . . .	— 240.00
Samtals	kr. 6000.00

760 Það er ómótmælt í málinu, að áfrýjendur hafa eignast áminst 300 skipfund fiskjar, sem ágreiningur er um, áður en þeir gerðu samninginn 29. júní við stefndu, og að þeir þá hafi verið búnir að selja öðrum þennan fisk, en um hann var eigi getið í samningnum og hann var í húsum áfrýjenda og vörzlu, þegar skip stefndu kom til Vestmannaeyja snemma í júlímánuði, sem fyr segir. Stefndu halda nú fram þeim skilningi á samningnum, að áfrýjendum hafi verið óheimilt að láta af hendi fisk af hinni umsömdu tegund á fyrgreindu tímabili til nokkurs annars en þeirra, fyr en áfrýjendur hefðu fullnægt samningnum við þá að öllu leyti, nema slíkt væri beint áskilið, en það hafi eigi verið gert í samningnum. Þennan skilning á samningnum segja stefndu vera í samræmi við fasta verzlunarvenju í Kaupmannahöfn, þar sem samningurinn var gerður, og eftir henni ber því að fara. Fyrnefndir vöru-brakúnar, sem stýluðu samninginn, hafa í bréfi dags. 26. okt. 1914 staðfest þennan skilning stefndu, talið hann vafalaust réttann og bætt því við, að í slíkum samningum verði ætíð að geta um eldri sölu, og á þessa skoðun brakúnanna hefir Kaupmannaráð Reykjavíkur algerlega fallist.

Þessari skýringu stefndu á samningnum hafa áfrýjendur mótmælt, telja þeir hana með öllu ranga og þvert ofan í orð samningsins, því að í honum sé skýrt tekið fram, að hann taki að eins til fiskjar, er áfrýjendur fá frá 1. júlí til 30. sept. og hafi það þá verið óþarft að setja í samninginn ákvæði um að annar fiskur væri undanskilinn. Þeir mótmæla því

og, að nein slík verzlunarvenju, sem stefndu geta-  
um, sé til í Kaupmannahöfn svo og því, að nein  
heimild sé í samningnum fyrir því, að þeir hafi átt  
að hafa til reiðu neina ákveðna skippundatölu í hvert  
skifti, ef stefndu létu vitja fiskjarins oftari en einu  
sinni, en þeim hafi að eins borið að láta af hendi  
þann fisk, sem þeir áttu til, og samningnum hafi  
verið fullnægt af þeirra hendi, ef þeir létu úti til  
stefndu að minsta kosti 800 skippund ekki síðar en  
30. sept.

Gagnkrafan er, sem þegar er sagt, byggð á því,  
að áfrýjendur, héldu eftir 300 skippundum af fiski,  
er þeir höfðu í húsum sínum, þegar skip stefndu  
kom til Vestmannaeyja í byrjun júlímánaðar 1912.  
Það skiftir því eigi máli, hvort áfrýjendum hefir  
verið skylt að láta þá af hendi 800 skippund af fiski,  
eins og stefndu halda fram, eða eigi, enda er eigi  
gegn mótmælum áfrýjenda sannað, að stefndu hafi  
krafist þess. En úrslit málsins velta á því, hvort  
heimilt sé að leggja þá merkingu í orð samningsins  
»kynni að fá . . . frá 1. júlí til 30 september«, að  
þau taki til alls þess fiskjar af því tagi, sem samn-  
ingurinn greinir, er var í vörzlu áfrýjenda eða hús-  
um frá 1. júlí, jafnt þess fiskjar, er þeir höfðu feng-  
ið fyrir þann dag sem eftir. Með því að þessi orð  
samningsins eru ljós og ótvíræð, verður eigi litið svo  
á, að þau leyfi þannig skilning, sem stefndu vilja  
leggja í þau, og þess virðist ekki hafa verið þörf  
að taka það skýrar fram í samningnum en gert er  
með hinum tilvitnuðu orðum, að kaupin tækju eigi  
til fiskjar, er áfrýjendur hefðu fengið fyrir 1. júlí.

Til þess að víkja frá berum orðum samningsins er það eigi einhlitt, að brakúrnarnir, sem stýluðu hann, skilja hann á sama hátt og stefndu, því þessir menn eru ekki löggiltir til að skýra slíka samninga á skuldbindandi hátt fyrir semjendur. Gegn mótmælum áfrýjenda er það eigi heldur sannað, að til sé verzlunarvenja í Kaupmannahöfn, er heimili annan skilning á umgetnu ákvæði samningsins en beint liggur í orðunum.

Þar sem það er ómótmælt, að áfrýjendur hafi fengið hin umþráttuðu 300 skippund af saltfiski fyrir 1. júlí 1912, verður samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, eigi litið svo á, að þeir hafi rofið samninginn 29. júní 1912, þó að þeir létu eigi þenna fisk af hendi við stefndu og ber því að sýkna þá af skaðabótakröfu stefndu í þessu máli.

Eftir málsvöxtum þykir rétt að málskostnaður í báðum málunum falli niður fyrir undirrétti og yfir dómi.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, firmað Copland & Berrie (1908) Ltd, greiði áfrýjendum, stjórnendum hlutafélagsins »Herjólfur« 818 kr. kr. 31 e. með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1914 til borgunardags. Að öðru leyti skulu aðilar vera sýknir hvor af annars kröfum í aðalsök og gagnsök.

Málskostnaður fyrir báðum réttum í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 22/1916. Benedikt S. Þórarinsson  
 gegn  
 ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður hér í bænum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherra Íslands f. h. landssjóðs til skaðabóta fyrir atvinnuspjöll, er hann hefir orðið fyrir við lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 9. marz þ. á., að stefndi var fyrir hönd landssjóðs sýknaður af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn fallandi.

Dómi þessum hefir Benedikt S. Þórarinsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. marz þ. á. og hefir krafist þess, að ráðherrann fyrir hönd landssjóðs verði dæmdur til að greiða honum eða konu hans, ef hún lifir lengur, skaðabætur 5000 kr. á ári frá 1. jan. 1915 að telja og til dauðadags þess þeirra hjóna sem lengur lifir, eða til vara að honum verði dæmdar skaðabætur 50000 kr. einu sinni fyrir alt. Auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir, frá sinni hálfu krafist þess, að hinn